



LEIÐBEININGAR MEÐ RAMMA FYRIR AFREKSSTEFNUR

Inngangur

Að mörgu er að hyggja við stefnumótun og gerð afreksstefnu fyrir sérsambönd ÍSí. Afreksstefnan er í raun lýsing á leiðinni að langtímamarkmiðum sérsambands og tekur á þeim þáttum sem snúa að afreksstarfi í viðkomandi íþróttagrein. Þeir geta verið jafnmisjafnir og sérsamböndin eru mörg.

Stefnan ákvarðar þá leið sem sérsambandið og aðilar þess vilja starfa eftir og hvernig nýta á auðlindir sambandsins til að ná settum markmiðum. Með auðlindum er jafnt átt við fjármuni, aðstöðu, búnað og mannauð viðkomandi íþróttagreinar. Í grunninn má segja að stefnan sé oftast einföld og umfang hennar ræðst mikið af umfangi og stærð viðkomandi sérsambands. Ef sérsambandið er með margar ólíkar íþróttagreinar innan sinna vébanda er eðlilegt að umfang stefnunnar sé meira en hjá þeim sérsamböndum þar sem um afmarkaðra íþróttastarf er að ræða. Ekki er gert ráð fyrir nema einni afreksstefnu fyrir hvert sérsamband en hægt er að hafa sérstaka áherslupunkta eða tilgreina ólíkar áherslur ef sérsambönd sinna fleiri íþróttagreinum.

Framkvæmdastjórn ÍSí hefur áður gefið út **Leiðbeinandi ramma fyrir afreksstefnur** og Afreks- og Ólympíusvið **Leiðbeiningar um leiðbeinandi ramma fyrir afreksstefnur**. Á Íþróttapingi ÍSí þann 6. maí 2017 var samþykkt uppfærð **Afreksstefna ÍSí**, samkvæmt henni ber að flokka alþjóðleg mót í A, B og C flokka. Jafnframt ber að flokka sérsambönd ÍSí í þrjá afreksflokka út frá viðmiðum sem Framkvæmdastjórn ÍSí setur. Á fundi Framkvæmdastjórnar ÍSí þann 16. nóvember 2017 var uppfærður **Rammi um afreksstefnur sérsambanda ÍSí** samþykktur. Í þessu skjali er búið að sameina þann texta auk leiðbeininga um útfærslu afreksstefna og hvaða kröfur eru gerðar til sambanda út frá því hvort þau tilheyra flokki A/Afrekssérsambanda, B/Alþjóðlegra sérsambanda eða C/Próunarsérsambanda. Í þessum leiðbeiningum verður hér eftir vísað til þeirrar flokkunar sem A, B eða C afreksflokka sérsambanda. Í gráu boxi er texti úr Ramma um afreksstefnur sérsambanda.

1. Afreksstefnan þarf að taka á eftirfarandi þáttum, s.s.:

a. Almenn atriði

- i. Hvernig og hvenær varð stefnan til, hverjir komu að þeirri vinnu sem og árafjöldi stefnu
- ii. Ábyrgðaraðilar og nefndir sem koma að hverjum þætti afreksstefnunnar
- iii. Hlutverk félaga og sérsambands í afreksstarfi





Nauðsynlegt er að fjalla um almenn atriði í stefnunni og gefa þannig innsýn í umfang starfsins og þá vinnu sem unnin hefur verið í tengslum við stefnuna. Er stefnan ný eða unnin upp úr fyrri stefnum, hvenær varð stefnan fyrst til og þá hvenær og hvernig hefur hún verið endurskoðuð. Hverjir hafa komið að þeirri vinnu, er það í höndum stjórnar sambandsins eða hafa útvaldir aðilar unnið þá vinnu? Hafa hópar verið kallaðir til vegna þessa eða hefur verið boðað til vinnufundar um stefnuna? Fær stefnan umræðu á formannafundum eða þingum sambandsins og hverjir samþykkja hana? Hvaða tímabil er skilgreint í stefnunni og hvenær var hún samþykkt, hverjir bera ábyrgð á framkvæmd hennar í heild eða hverjum hluta hennar og hvaða einstaklingar eða nefndir tengjast þessum þáttum? Hvert er hlutverk sérsambands og annarra eininga í framfylgd stefnunnar?

Mikilvægt er að sérsambönd sem tilheyra flokki A/Afrekssérsambanda og B/Alþjóðlegra sérsambanda fjalli um hlutverk og umfang starfsmanna sem tengjast afreksstarfi sambandsins, en gerð er krafa um að sérsambönd hafi á að skipa starfsmanni eða starfsmönnum í vissu hlutfalli á ársgrundvelli sem vinnur sérstaklega að afreksíþróttum.

Það er mikilvægt að stefnan sé ekki eingöngu áætlun sérsambandsins heldur á hún að ná utan um afreksstarfið í viðkomandi íþróttagrein og skilgreina hlutverk íþróttafélaga og deilda í þeirri vinnu.

Öll sambönd skulu uppfylla kröfur sem gerðar eru til afreksstefna. Gildistími afreksstefna sérsambanda skal vera a.m.k. 8 ár hjá A sérsamböndum, 4 ár hjá B sérsamböndum og 2 ár hjá C sérsamböndum.

b. Almenn þátttaka í íþróttinni og hæfileikamótun

- i. Hver er staðan í dag og hvaða leiðir á að fara til að auka almenna þátttöku í íþróttagreininni**
- ii. Aldursviðmið í tengslum við afreksstarf**
- iii. Hæfileikamótun sérsambands**
- iv. Kröfur um ástundun og æfingamagn**
- v. Núverandi staða og tímasett skammtíma- og langtímamarkmið**

Mikilvægt er að upplýsa um það umhverfi sem afreksíþróttirnar búa við og má þar m.a. nefna núverandi stöðu varðandi þátttöku og þann grunn sem er fyrir hendi varðandi fjölda iðkenda og félaga/deilda sem og útbreiðslu íþróttagreinar á landsvísu. Ef greinin er fámenn er ljóst að til framtíðar þarf að fjölga iðkendum til að skapa grundvöll fyrir frekara afreksstarfi. Jafnframt er nauðsynlegt að skilgreina hvenær einstaklingar byrja að tengjast sérsambandinu og taka þátt í afreksstarfi á vegum sambandsins. Aldursviðmið þurfa þannig að vera skilgreind og þurfa þau einnig að tengjast áherslum í starfi félaga/deilda.

Til að efla enn frekar afreksstarfið er nauðsynlegt að fylgjast með þeim efnivið sem er fyrir hendi og hæfileikamótun sambandsins er hluti af því að horfa til framtíðar. Hvernig er slíku málum háttað hjá sambandinu? Eru settar einhverjar kröfur á ástundun og æfingamagn í viðkomandi grein, s.s. eru þeir sem eru að taka þátt í hæfileikamótun eða eru í skilgreindum hópum sérsambands bundnir kröfum frá sambandinu og hverjar eru þá þessar kröfur?

Til að geta metið árangur þessara þátta er nauðsynlegt að greina stöðuna og setja tímasett skammtíma- og langtímamarkmið sem hægt er að vinna að.





A og B sérsamböndum ber að vera með mótaða áætlun um hæfileikamótun og iðkendafjölda. Ekki er gerð krafa á sambærilega áætlun hjá C sérsamböndum en æskilegt væri að hafa yfirlit yfir stöðuna og leiðir til eflingar þessara þátta.

c. Afreksíþróttafólk

- i. Skilgreiningar á afrekum í viðkomandi íþróttagrein**
- ii. Skilgreiningar á afrekshópum í viðkomandi íþróttagrein**
- iii. Skilgreiningar á landsliðsverkefnum í viðkomandi íþróttagrein**
- iv. Hvernig er valið í hópa og lið sérsambands**
- v. Núverandi staða og tímasett skammtíma- og langtímamarkmið**

Samkvæmt afreksstefnu ÍSí ber ÍSí í samráði við sérsambönd ÍSí að skilgreina Alþjóðleg mót í A, B eða C flokka eftir styrkleika og mikilvægi. Jafnframt ber sérsamböndum í samvinnu við ÍSí að skilgreina viðmið afreka og kynna innan sinna raða. Eru slík viðmið m.a. tengd flokkun móta sérsambands og þeim aldursviðmiðum sem eru í viðkomandi íþróttagrein. Út frá slíkum skilgreiningum er hægt að vega og meta árangur í hverri grein fyrir sig og bera saman. Sérsamband þarf þannig að skilgreina hvaða aldurshópar eru í afreksstarfi sérsambands og með hvaða hætti og hvernig er staðið að vali á hópum og liðum til æfinga og keppni. Er slíkt háð ákveðnum árangri eða er einstökum aðilum falið slíkt val og þá eftir hvaða reglum eða heimildum? Setja skal fram markmið varðandi árangur til styttri sem lengri tíma. Horfa skal til heimlista, séu þeir fyrir hendi, eða árangur á þeim mótum sem skildgreind eru hjá viðkomandi sérsambandi, s.s. HM eða EM.

d. Þjálfarar

- i. Hvernig á að efla hæfni/getu/menntunarstig þjálfara í íþróttagreininni**
- ii. Kröfur til þeirra þjálfara sem koma að afreksþjálfun í viðkomandi íþróttagrein**
- iii. Núverandi staða og tímasett skammtíma- og langtímamarkmið**

Þjálfarar og þjálfun íþróttamanna er án efa einn mikilvægasti þáttur afreksstarfsins. Mikilvægt er að í afreksstefnum sé fjallað um leiðir til að efla hæfni, getu og menntunarstig þeirra sem koma að afreksþjálfun. Þar er ekki verið að fjalla um grunnmenntun þjálfara í viðkomandi íþróttagrein, heldur hvernig á að tryggja að þeir sem þjálfu afrekshópa séu í stöðugri endurmenntun og fylgist með því sem á sér stað í þróun þjálfunarbátta í viðkomandi íþróttagrein.

Setur sérsambandið kröfur á þá sem sjá um afreksþjálfun hjá sambandinu og jafnvel hjá íþróttafélögum og deildum? Hverjar eru þá þær kröfur?





Til að geta metið árangur þessara þátta er nauðsynlegt að greina stöðuna og setja tímasett skammtíma- og langtímamarkmið sem hægt er að vinna að.

e. Aðstaða

- i. Stefna varðandi aðstöðu fyrir afreksstarf íþróttagreinarinnar til æfinga og keppni**
- ii. Núverandi staða og tímasett skammtíma- og langtímamarkmið**

Aðstaða skiptir máli í afreksstarfi. Hvernig er staða þeirra mála í viðkomandi íþróttagrein varðandi afreksíþróttir? Er þá ekki verið að horfa til grunnaðstöðu fyrir íþróttagreinina heldur aðrar kröfur eins og að geta æft og keppt í aðstöðu sem er sambærileg við keppnisaðstöðu á stórmótum.

Jafnframt þarf að velta upp hvernig aðgengi er að æfingaaðstöðu fyrir afreksþjálfun og hópa sérsambands o.s.frv.

Til að geta metið árangur þessara þátta er nauðsynlegt að greina stöðuna og setja tímasett skammtíma- og langtímamarkmið sem hægt er að vinna að. Jafnframt þarf eflaust að horfa til þess að aðstöðumál er oftast á herðum sveitarfélaga og hugsanlega þarf að horfa á leiðir að þeim markmiðum sem þarfnast aðkomu aðila utan íþróttahreyfingarinnar.

A sérsamböndum ber að vera með skilgreinda æfingaaðstöðu fyrir afreksstarf/landslíðsstarf sem uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til viðkomandi íþróttagreinar. Jafnframt þurfa að vera til staðar samningar við sveitarfélög/mannvirki um afnot af aðstöðu til að tryggj sé að umhverfi íþróttafólksins og hópa sérsambandsins séu ekki háðir óvissu gagnvart skipulagi og gæðum æfinga.

f. Stoðþjónusta

- i. Skilgreining á stoðþjónustu, fag- og heilbrigðisteymi sérsambands og rammi þess málaflokks**
- ii. Núverandi staða og tímasett skammtíma- og langtímamarkmið**

Þáttur stoðþjónustu í afreksíþróttastarfi er alltaf að aukast. Undir stoðþjónustu falla ýmsir þættir sem áður fyrr a.m.k. lágu utan hefðbundinnar æfingaástandunar afreksíþróttafólks. Er þar meðal annars verið að horfa til teyma sem vinna með þjálfara íþróttafólksins að ýmsum sérhæfðum þjálfunarþáttum s.s. styrktar- og úthaldsþjálfun auk annarra þátta eins og leik- og myndgreiningu. Jafnframt er átt við heilbrigðisteymi fagfólks sem menntað er á sviði heilbrigðisfræða, sem og aðra sérhæfðra sérfræðinga á sviði íþróttá- og lífeðlisfræða sem geta bætt það umhverfi sem afreksíþróttafólk er í.

Nauðsynlegt er að viðkomandi sérsamband skilgreini þörfina í íþróttinni, hvernig vinnulag er varðandi þessa þætti, s.s. aðgengi að skilgreindum aðilum og þá vinnu sem ætlast er til að þessi hópur skili inn í afreksstarf sambandsins. Hægt er að skipta stoðþjónustu í tvo hópa, þ.e. heilbrigðis- eða fagteymi sem eru aðilar á heilbrigðissviði og önnur stoðþjónusta sem snýr að





þjálfurum og tæknilegri þjónustu sem tengist viðkomandi íþróttagrein, s.s. í tengslum við búnað, leikgreiningu o.s.frv.

Líkt og með aðra þætti í stefnunni er nauðsynlegt að greina stöðuna og þörfina og setja tímasett skammtíma- og langtímamarkmið sem hægt er að vinna að.

Öll sérsambönd skulu vera með skilgreint heilbrigðisteymi og hafa skilgreint hvaða aðgang íþróttafólk hefur að teyminu miðað við hvar þau eru í afreksstarfi sambandsins og hvaða afrekshópum þau eru í. Gerðar eru meiri kröfur til sérsambanda í A og B flokki, en sérsambönd í C flokki skulu engu að síðar vinna að því að móta sitt teymi og geta notið aðstoðar ÍSÍ í upphafi þeirrar mótunar.

g. Fjármögnun

- i. Fjárhagslegar upplýsingar eða vísan í fjárhagsáætlun sérsambands**
- ii. Áætlanagerð og hverjir koma að henni**
- iii. Núverandi staða og tímasett skammtíma- og langtímamarkmið**

Afreksíþróttir geta verið kostnaðarsamar og eru fjármál sambandsins oft mikilvægasti þátturinn í afreksstarfinu. Geta sambandsins til að sinna ákveðnum áherslum og taka þátt í viðburðum ræðst af þeim fjármunum sem eru til staðar. Á sérsambandsþingum er fjárhagsáætlun samþykkt sem stjórn viðkomandi sérsambands ber að vinna eftir. Í þeirri áætlun eru settir rammar um það fjármagn sem ætlunin er að nýta í einstaka þætti á fyrirbyggjandi ári. Í afreksstefnum er æskileg að vísað sé til samþykktar sérsambandsþings varðandi fjárhagsleg atriði sem tengjast stefnunni, frekar en að tilgreina fjárhagslega þætti sem geta tekið breytingum hjá stjórn.

Rammar sem ákveðnir eru varðandi kostnaðarhlutdeild einstaklinga eða félaga og aðrar samþykktir frá sérsambandsþingi er samt æskilegt að tilgreina í stefnunni. Þá er æskilegt að fjalla um hvernig þessi áætlanagerð á sér stað, þ.e. er hún í höndum landsliðsnefndar eða stjórnar viðkomandi sambands og fyrir hvaða dagsetningar skulu áætlanir og upplýsingar um þátttöku í viðburðum liggja fyrir og kynntar innan hreyfingarinnar.

Til viðbótar við þau atriði sem talin eru upp hér að ofan er æskilegt að kostnaðarþátttaka sé skilgreind í ólíkum verkefnum og hópum, s.s. hvernig staðið skuli að því að upplýsa þátttakendur um kostnaðarhlutdeild og hvernig ákvarðanataka er vegna slíkra þátta.

Nauðsynlegt er að greina stöðuna og hvernig fjármögnun afreksstarfsins tengist öðrum þeim þáttum sem verið er að vinna að hjá viðkomandi sambandi. Eins þarf að setja tímasett skammtíma- og langtímamarkmið sem hægt er að vinna að varðandi þennan málaflökk.

Styrkur Afrekssjóðs ÍSÍ mun aldrei fjármagna afreksstarf sérsambands að fullu. A sérsamböndum ber að sýna fram á, með ábyrgum hætti, hvernig fjármagna eigi aðgerðaráætlun sambandsins með sjálfsaflafé að hluta.





Að lokum

Þótt að leiðbeinandi rammi fyrir afreksstefnur sé settur upp eins og staðlað efnisyfirlit er ekki svo að öll sérsambönd þurfi að aðlaga afreksstefnurnar sínar að þeirri uppsetningu. Mikilvægast er að fjallað sé um sem flesta þessara þátta í afreksstefnunni og á þann hátt sem hentar í viðkomandi íþróttagrein. Á það bæði við orðalag og skilgreiningar, enda er stefnan fyrst og fremst hugsuð til notkunar á vegum sérsambands og hjá þeim aðilum sem koma að afreksstarfinu í viðkomandi íþróttagrein, þ.e. félög, deildir, iðkendur, þjálfarar, aðstandendur og aðrir þeir sem stefnan tengist. Þannig er einnig mikilvægt að stefnan sé kynnt fyrir þessum aðilum og þeir viti hvert þeirra hlutverk er í að ná þeim markmiðum sem eru skilgreind.

Til að sátt sé um stefnuna meðal þeirra sem koma að starfinu er nauðsynlegt að fulltrúar félaga og deilda fái að fjalla um stefnuna og þau markmið og leiðir sem þar eru tilgreind. Slíkur vettvangur er sérsambandsþing og/eða formannafundur í viðkomandi íþróttagrein. Stefnan þarf einnig að taka mið af þeirri fjárhagsáætlun sem samþykkt er á sérsambandsþingum og því er mikilvægt að tengja þessa þætti saman, s.s. með samþykkt eða staðfestingu á þingi.

Auk þess að gerð er krafa um afreksstefnur sérsambanda er krafa um að sérsambönd ÍSí móti sér tímasett markmið og aðgerðaráætlanir vegna þeirra. Eins og segir í Afreksstefnu ÍSí skulu markmiðin vera mælanleg og taka mið af þeim markmiðum og viðfangsefnum sem afreksstefna sambandsins skilgreinir. Aðgerðaráætlanir A sérsambanda skulu vera til fjögurra ára, hjá B sérsamböndum skulu aðgerðaráætlanirnar vera til tveggja ára, hjá C sérsamböndum skulu þau vera til árs í senn.

Í dag eiga öll sérsambönd sína heimasíðu og miðla þar upplýsingum um starfið. Allar samþykktar stefnur sérsambands eiga að vera aðgengilegar á slíkri síðu sem og lög og reglugerðir. Jafnframt er óskað eftir því að Afreks- og Ólympíusvið ÍSí fái senda stefnuna til staðfestingar og birtingar á heimasíðu sinni, enda gefur sviðið umsögn um stefnuna til stjórnar Afrekssjóðs ÍSí.

Á Íþróttapingi ÍSí er Stefnuyfirlýsing ÍSí um afreksíþróttir jafnan til umræðu en um er að ræða sameiginlega stefnu íþróttahreyfingarinnar í heild sinni. Er æskilegt að stefnur sérsambanda ÍSí taki mið af þeim efnispáttum sem þar eru skilgreindir. Geta breytingar á henni haft áhrif á stefnur sérsambanda ÍSí, s.s. varðandi skilgreiningar á afreksfólki og viðmiðum.

